

# Ályktanir 37. landsþings Náttúrulækningafélags Íslands

## Heilsueflandi samfélag

Landsþing hvetur stjórnvöld til að stuðla að heilsueflandi samfélagi. Hæfileg hreyfing, nægur svefn, hvíld, hollt mataræði og jákvæð félagsleg gildi eru lykill að velferð. Samvera foreldra og barna er mikilvæg þroska barnanna og líðan. Landsþing hvetur foreldra og skólayfirvöld til að huga að óhóflegri notkun snjallsíma bæði í skólum og á heimilum.

## Lífrænt vottuð framleiðsla og merkingar matvæla

Landsþing NLFÍ hvetur stjórnvöld til að móta stefnu um eflingu lífrænnar framleiðslu á Íslandi og að styðja við lífræna aðlögun í landbúnaði.

Þeim vísindalegu rannsóknum fjölga sem sýna fram á að lífrænar aðferðir auka langtíma hagkvæmni í framleiðslu og hafa jákvæð áhrif á lífríki og umhverfi.

Landsþing bendir á að tryggja þarf að ákvæðum reglugerðar um merkingar á matvælum sem framleidd eru úr erfðabreyttum lífverum og afurðum þeirra sé framfylgt.

Tryggja þarf að upprunamerkingar matvæla séu réttar og greinilegar.

## Vímuefni - vímulyf

Landsþing NLFÍ hvetur til aukinnar fræðslu um skaðsemi áfengis, tóbaks og ólöglegra vímuefna sem sífellt er auðveldara aðgengi að hér á landi.

Aukin misnotkun ávanabindandi lyfseðilskyldra lyfja er sérstakt áhyggjuefni.

Landsþingið hvetur stjórnvöld einnig til að vara við notkun rafrettna, sýnt hefur verið fram á að efni í þeim séu skaðleg heilsu fólks.

## Hefðbundnar og óhefðbundnar lækningar

Landsþing NLFÍ hvetur til aukinnar samþættingar hefðbundinna lækninga og viðbótarmeðferða. Með viðbótarmeðferð er átt við meðferð sem ekki hefur verið talin hluti af hefðbundinni heilbrigðisþjónustu. Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að þær nýtist samhliða hefðbundinni meðferð eða sem sjálfstæð meðferð.

## Umhverfi

Landsþing NLFÍ hvetur stjórnvöld til að standa vörð um ósnortin víðerni í náttúru Íslands. Með auknum straumi ferðamanna til landsins er enn frekari ástæða til að fyrirbyggja að mikill ágangur ferðamanna skaði viðkvæma náttúru landsins.

Vitundarvakning þarf að eiga sér stað varðandi notkun einnota plastumbúða endnýtingar o.fl. Auka þarf og samræma flokkun og endurvinnslu.

Landsþing hvetur stjórnvöld til móta skýrar línur varðandi flokkun og urðun sorps.

## Endurhæfing

Heilsustofnun hefur í áratugi vakið athygli á heilsusamlegu mataræði og lífrænni ræktun og byggir endurhæfingu dvalargesta m.a. á hreyfingu, mataræði og að einstaklingurinn beri ábyrgð á eigin heilsu. Þá eru sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð hornsteinar Heilsustofnunar.